

## Fundargerð

23. stjórnarfundur FHA haldinn 28. apríl, 2011 kl. 14:15

Boðaðir voru stjórnarmenn, varastjórn og framkvæmdastóri. Fundinn sátu: Helgi Gestsson (HG), Erlendur Steinar Friðriksson, (ESF), Kristín Guðmundsdóttir (KG), Kristín Þórarinsdóttir (KP), Páll Björnsson (PB) og Hjördís Sigursteinsdóttir (HS).

Auk þess voru Jón Þorvaldur Heiðarsson og Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir boðuð á fundinn vegna umræðu um vinnumatssjóðinn. Ólína Freysteinsdóttir kom í stað Guðrúnar Rósu.

Dagskrá:

1. Vinnumatssjóður

Jón Þorvaldur Heiðarsson sagði frá sínum hugmyndum varðandi Vinnumatssjóðinn og hvernig fara eigi með þá sem eru að hluta í kennslu og hluta í öðrum störfum en hann er hálfur lektor og hálfur sérfræðingur hjá RHA. Líflegar umræður sköpuðust og síðan véku Ólína og Jón Þorvaldur af fundinum.

Stjórn FHA var sammála um að allir akademískir félagsmenn ættu að hafa aðgengi að sjóðnum og miða ætti við hlutfallið 33% í stað 20% eins og það er nú. Að öðru leyti var talið eðlilegt að samræma reglur við reglur um vinnumatssjóð Háskóla Íslands. Samþykkt var að vísa tillögum að breytingum á vinnumatssjóði til aðalfundar og var Páli falið að kynna málið á aðalfundinum.

2. Aðalfundur FHA

Tillaga að dagsetningu frá 15-25 maí næstkomandi. Auk hefðbundinna aðalfundastarfa verður rætt um vinnumatssjóðinn og rannsóknaleyfi. Páll mun kynna vinnumatssjóðinn og Helgi rannsóknaleyfin. Ákveðið var að hafa aðalfundinn í hádeginu og bjóða félagsmönnum að borða í mötuneytinu fyrir fundinn. Hjördísi var falinn undirbúningur aðalfundarins að öðru leyti.

Rætt var um nýja stjórnarmeðlimi og nýjan stjórnarformann og var Hjördísi falið að senda póst til félagsmanna og fá ábendingar um kandiátt.

3. Önnur mál

- a. Helgi sagði frá fundi fundum með rektor og svo rektor og sviðsforsetum varðandi stöðu aðjunktta. Gengið verður frá ráðningu allra félagsmanna í fastar stöður sem hafa áunnið sér rétt til þeirra áður en stöður verða auglýstar.
- b. Helgi sagði frá stöðu mála varðandi kjarasamninga og þá vinnu sem framundan er þar.
- c. Styrkumsóknir. Fyrir fundinum lágu beiðnir í námssjóðinn og voru þær samþykktar með fyrirvara um réttindi.
- d. FHA hefur verið boðið að sitja sameiginlegan fund félaga háskólakennara á Norðurlöndunum sem haldinn verður í Reykjavík í júní. Ákveðið var að Hjördís Sigursteinsdóttir og Kristín Þórarinsdóttir myndu sækja fundinn fyrir hönd FHA.

Fundi slitið kl. 15.45